



Borgarráð

Fulltrúaráð hjúkrunarheimilisins Skjóls - skipun fulltrúa til að leiða vinnu starfshóps

Lagt er til að borgarráð samþykki að tilnefna Önnu Sigrúnu Baldursdóttur, skrifstofustjóra á Velferðarsviði, sem fulltrúa Reykjavíkurborgar í starfshóp til að finna lausn á þeim ágreiningsmálum sem uppi eru á milli Sjómannadagsráðs og Skjóls en þau snúa að breytingum á skipulagsskrá, lóðarleigusamningum, skipulagi lóða og fleiru. Hlutverk fulltrúa Reykjavíkurborgar í hópnum er að leiða vinnuna og miðla málum samanber hjálagt erindi stjórnar og fulltrúaráðs Skjóls, dags. 21. september 2023.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Erindi stjórnar og fulltrúaráðs Skjóls, dags. 21. september 2023

Borgarráð Reykjavíkurborgar
Ráðhúsið
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Reykjavík, 21. September 2023

Málefni: Skipun fulltrúa til að leiða vinnu starfshóps í tengslum við ágreining milli Skjóls og Sjómannadagsráðs í tengslum við endurskoðun skipulagsskrár Skjóls hjúkrunarheimilis

Á fundi fulltrúaráðs Skjóls sem haldinn var þann 15. september sl. var á dagskrá fundarins tillaga um breytingar á skipulagsskrá Skjóls sjálfseignarstofnunar. Undir þeim dagskrárlið var eftirfarandi ályktun samþykkt af fundinum:

Skipaður verður starfshópur til að finna lausn á þeim ágreiningsmálum sem uppi eru milli Sjómannadagsráðs og Skjóls en þau snúa að breytingum á skipulagsskrá, lóðaleigusamningum, skipulagi lóða og fleiru. Lagt er til að Skjól og Sjómannadagsráð skipi hvort um sig tvo fulltrúa en Reykjavíkurborg skipi einn fulltrúa sem hafi það hlutverk að miðla málum og leiða vinnuna. Hópurinn skuli leita ráðgjafar hjá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar, borgarlögmanni, skipulagsfulltrúa eða öðrum aðilum eftir því sem þurfa þykir, og gæta að því að stjórnir Skjóls og Sjómannadagsráðs séu vel upplýstar um framvindu mála. Hópurinn mun ljúka störfum eigi síðar en 1. mars 2024. Fulltrúaráðið mun funda að nýju í mars 2024 til að fara yfir málið.

Með hliðsjón af ofangreindri ályktun óskar stjórnarformaður og formaður fulltrúaráðs Skjóls eftir því að Reykjavíkurborg tilnefni einn fulltrúa sem hafi það hlutverk að miðla málum og leiða vinnu starfshópsins.

Stjórn Skjóls hefur tilnefnt eftirfarandi aðila í starfshópinn af sinni hálfu:

- Eybjörg H. Hauksdóttir, netfang: eybjorg@eir.is, sími: 898-9225
- Guðjón Magnússon, netfang: gudjonlundi@gmail.com, sími: 612-5772.

Þar sem gert er ráð fyrir að starfshópurinn ljúki störfum eigi síðar en 1. mars 2024 er óskað eftir því að skipun fulltrúans verði hraðað eftir föngum og boðað til fundar við fyrsta tækifæri.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar og fulltrúaráðs Skjóls

Halldóra Ólafsdóttir.